

Niðurstöður aðalfundar Eikar fasteignafélags hf. 2020

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 16:00 í salnum Háteig, Grand Hótel, Sigtúni 38, 105 Reykjavík.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni www.eik.is/fjarfestar/hluthafar.

1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2019.

2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2019

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019 og að hagnaður ársins 2019 leggist við eigið fé félagsins.

3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- Laun hvers stjórnarmanns nemi 325.000 kr. á mánuði, varaformaður fái 325.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður fái 650.000 kr. á mánuði.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 25.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fái greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki skal greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 50.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fái greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki skal greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 60.000 kr. á mánuði og formaður tilnefningarnefndar fái 90.000 kr. á mánuði.

4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti breytta tillögu stjórnar um að gera ekki breytingar á starfskjarastefnu félagsins.

5. Kosning félagsstjórnar

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Arna Harðardóttir
- Bjarni Kristján Þorvarðarson
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir
- Hersir Sigurgeirsson

6. Kosning fulltrúa í tilnefningarnefnd

Eftirtalin voru kosin í tilnefningarnefnd félagsins:

- Drífa Sigurðardóttir
- Ingólfur Bender

7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf. yrði endurkjörið endurskoðunarfélag Eikar fasteignafélags hf.

8. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.

9. Tillaga um lækkun hlutafjár

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár um 41.317.000 kr. að nafnverði, eða sem nemur 41.317.000 hlutum. Með samþykkt tillögunnar breytist 4. gr. samþykhta félagsins svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 3.423.863.435,- (krónur þrír milljarðar fjögur hundruð tuttugu og þrjár milljónir átta hundruð sextíu og þrjú þúsund fjögur hundruð þrjátíu og fimm). Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 (króna ein) að nafnvirði.“

10. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 18:30.